



Katrín Jakobsdóttir ásamt verðlaunahöfjum landbúnaðarverðlaunanna 2024, Aðalbjörgu Ásgeirsdóttir og Eyvindi Ágústssyni frá Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum. Mynd: Matvælaráðuneytið/Sigurjón Ragnar.

Aðalbjörg og Eyvindur á Stóru-Mörk hlutu landbúnaðarverðlaunin 2024

Landbúnaðarverðlaunin fyrir árið 2024 voru afhent á Búnaðarþingi fimmtudaginn 14. mars af Katrínu Jakobsdóttur sem starfar um þessar mundir sem matvælaráðherra.

Aðalbjörg Ásgeirsdóttir og Eyvindur Ágústsson að Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum hlutu verðlaunin fyrir framúrskarandi árangur við innleiðingu loftslagsvænna búskaparháttanna Stóra-Mörk er landnámsjörð sem getið er um í Njálssögu og er nyrsti bær Eyjafjalla. Stóra-Mörk er í dag þrífli og hefur sama ætt stundað þar hefðbundinn blandaðan búskap frá árinu 1865 til dagsins í dag.

Í Stóru-Mörk er bú með nautgrip, bæði til mjólkur- og kjötframleiðslu en einnig með sauðfé og einnig er þar rekin

ferðaþjónusta. Aðalbjörg og Eyvindur hafa verið þátttakendur í verkefninu Loftslagsvænum landbúnaði frá árinu 2020 og hafa á þeim tíma náð miklum árangri í búrekstrinum.

Í Stóru-Mörk voru mestar meðalafurðir í mjólkurframleiðslu eftir ársku í fyrra, en á þeim fjórum árum sem Aðalbjörg og Eyvindur hafa verið þátttakendur í verkefninu hefur orðið um 20% aukning í afurðum á ársku, en rekstrargögn búsin sýna að þrátt fyrir svona hátt afurðastig er kjarnfóðurkostnaður undir meðaltali á landinu. Einnig hefur framlegðarstig búsin hækkað á þessum árum og er mun hærra en landsmeðaltal.

Óflugt landgræðslustarf hefur einnig verið unnið í Stóru-Mörk og hlutu Aðalbjörg og Eyvindur

landgræðsluverðlaunin árið 2021, ásamt foreldrum Aðalbjargar, Rögnu Aðalbjörnsdóttur og Ásgeiri Árnasyni. Stóra-Mörk er eitt fárra búa sem hefur tekið þátt í verkefninu „Bændur græða landið“ frá upphafi og í dag vinna þau að því að endurheimta birkiskóg í Merkunesi.

Verðlaunagripurinn „Þykkblöðungur“ er eftir Matthías Rúnar Sigurðsson, myndhöggvara. Þykkblöðungur er höggvinn úr íslensku grágrýti sem kemur úr vesturbæ Reykjavíkur. Formin í verkinu eru í senn þau sem bjuggu í hugskoti listamannsins og þau sem leystust úr læðingi þegar steinninn var höggvinn til.

Dagskráin óskar þeim Aðalbjörgu og Eyvindi til hamingju með verðlaunin.

Eitt tilboð barst í byggingu Ölfusárbrúar

Tilboð í samkeppnisútbóði vegna hönnunar og byggingar brúar yfir Ölfusá voru opnuð í gær, þriðjudaginn 12. mars. Eitt tilboð barst í verkið frá ÞG verkötum ehf.

Vegagerðin auglýsti alútbóð vegna hönnunar og byggingar nýrrar brúar yfir Ölfusá á Evrópska efnahagssvæðinu þann 3. mars 2023. Þann 18. apríl 2023 voru opnaðar umsóknir og bárust umsóknir frá fimm þátttakendum sem allir uppfylltu þau skilyrði sem sett voru í útboðsauglýsingunni og voru metnir hæfir. Þessir aðilar fengu send útboðsgögn vegna samkeppnisútbóðsins í lok nóvember 2023.

ÞG verktakar ehf. voru þeir einu af þessum fimm aðilum sem skiluðu inn tilboði. Um er að ræða upphafstilboð. Vegagerðin fer yfir tilboðið og

stefnt er að því að fara í samningsviðræður við ÞG verktaka. Að þeim loknum verður gefin upp upphæð endanlegs tilboðs.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja samningsviðræður í byrjun apríl og vonir standa til að lokatilboð geti legið fyrir í júní og undirritun verksamnings í júlí. Verktaki ber ábyrgð á endanlegri hönnun verksins, brúar, vegna og gatnamóta, og hefst vinnan við hönnunina í kjölfar undirritunar verksamnings. Forhönnun liggur fyrir sem þýðir að meginlínur hafa verið dregnar í útliti brúarinnar og legu vegna. Undirbúningur á verkstað gæti hafist á þessu ári en áætlað er að brúin verði opnuð fyrir umferð haustið 2027.



Mynd: Vegagerðin.

Næsta útgáfa Dagskrárinnar

Í næstu viku færast útgáfudagur Dagskrárinnar fram um einn dag og kemur því blaðið út miðvikudaginn 27. mars. Skil á efni og auglýsingum eru fyrir hádegi, mánudaginn 25. mars. Við minnum fólk á að bóka auglýsingar tímanlega í kringum páskana.



Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi fyrirtæki 2023

PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

TOYOTA bZ4X
100% RAFMAGNSBÍLL

Toyota
Selfossi



Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000





Prentmet Oddi ehf. | Eyraveggi 25, 800 Selfoss
482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is

subkerfi@gmail.com 8467713

#fruforseti

LÝÐRÆÐI
TJÁNINGARFRELSI
JAFNRÆÐI

www.sigridurhrund.is

Fylgdu Sigríði Hrund á samfélagsmiðlum @fruforseti

Hrifin af bókum sem lýsa stemningu segir lestrarhesturinn Ásta Guðmundsdóttir

Ásta Guðmundsdóttir er Ahönnuður og listakona sem býr í Kaldbaki á Eyrarbakka. Hún lærði fatahönnun í Þýskalandi. Árið 2000 stofnaði hún sitt eigið vörumerki ásta creative clothes. Hún rekur ásamt tíu öðrum listakönnum Kirsu-berjatréd á Vesturgötu 4 í Reykjavík þar sem hún selur verkin sín. Undanfarin tuttugu ár hefur Ásta sinnt listsköpun sinni og sumarið 2022 stofnaði hún alþjóðlegu listahátíðna Hafsjór/Oceanus á Eyrarbakka. Í framhaldi af því varð til Dálftill sjór í júlí 2023.

Hvaða bækur ertu að lesa núna? Núna er ég á ferðalagi í Afríku og tók með mér nýju bókina hennar Vigdísar Grímsdóttur, Ævintýri og er að lesa hana.

Hvers konar bækur höfðu helst til þín? Ég les gjarnan sakamálasögur og eru þar Henning Mankell og Lisa Marklund í upphaldi en

einnig ljóðrænar bækur eins og verk eftir Vigdís Grímsdóttur og Gyrðir Elíasson.

Ertu alin upp við bóklestur?

Ég elskaði Línu Langsokk þegar ég var barn. Ég upplifði frelsi og framandi ævintýr í gegnum hennar persónu. Já ég held að mamma hafi lesið fyrir mig eða sagt mér sögur og svæft mig þannig. Það er eitthvað undursamlegt við það ef einhver les fyrir mann.

En hvernig lýsir þú lestrarvenjum þínum?

Ég tek syrrur, les mikið stundum en svo leggst ég í dvala inn á milli. Ég hlusta hins vegar stöðugt á útvarp og podköst og eru feðginin Vera og Illugi Jökullsson þar í upphaldi.

Áttu þér uppáhaldshöfundu?

Já, Auður Ava Ólafsdóttir og Gyrðir Elíasson eru uppáhaldshöfundarnir mínir. Ég elska stemninguna í bókunum þeirra.



Hefur bók einhvern tímann rænt þig svefni?

Já það hefur alveg komið fyrir að ég hef ekki getað hætt að lesa undir svefni. Man ekki hvaða bók það var síðast en það er fábært þegar það gerist.

En að lokum Ásta, hvernig bækur myndir þú skrifa sem rit höfundur?

Ég er hrifin af bókum sem lýsa stemningu og þú heyrir músik og finnur jafnvel lykt. Þannig bók myndi ég vilja skrifa.

Tillögur að áhugaverðum Lestrarhestum berist á netfangið jonozur@gmail.com

Buðu uppá fund með Páli Einarssyni jarðeðlisfræðingi

Þann 11. mars síðastliðinn bauð Lionsklúbbur Hveragerðis uppá spennandi fund á Hótel Örki með Páli Einarssyni jarðeðlisfræðingi og fyrrverandi prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands.

Páll hélt erindi um stöðuna á Suðurlandi með áherslu á Hveragerði og nærumhverfi og velti fyrir sér spurningum eins og:

Hver er almenn þróun á Íslandi í jarðfræði? Eigum við áfram von á sömu umbrotum og við höfum orðið vitni að síðustu 4 árin? Hver er staðan í nærumhverfi Hveragerðis? eru líkur á eldsumbrotum nálægt Henglinum og hvert væri líklegt að hraunrennslið myndi stefna? Þarf að endurskoða nátt-



Páll var leystur út með gjöfum í anda blómabæjarins Hveragerðis frá formanni Lions, Birgi S Birgissyni blómabóna. Mynd: Lionsklúbbur Hveragerðis.

úruvarnir fyrir Hveragerði og Suðurland í heild sinni? Hvað með Kötlu og Heklu og nálægar

eldstöðvar? Hvað með tryggt rafmagn og heitt og kalt vatn?

Þessum spurningum og öðrum sem komu upp svaraði Páll fyrir í þessu gildandi erindi, en hann fór um víðan völl og fræddi fundargesti um söguna en líka um líkur á eldsumbrotum á svæðinu.

Á fundinum var boðið meðal annarra, Bæjarstjórn Hveragerðis, Björgunarsveitinni í Hveragerði, Slökkviliðinu á Suðurlandi og öðrum þeim sem málið varðaði og var mæting góð eða milli 40-50 manns.



Fjömennt var á fundinum. Mynd: Lionsklúbbur Hveragerðis.



Ljósheimar 40 ára

24.mars er hjúkrunarheimilið Ljósheimar 40 ára. Það verður opið hús milli kl. 14-16. Karlakór Selfoss kemur og syngur kl. 14:15 og við bjóðum upp á köku frá Gk bakari. Allir velkomnir



Fiðlu- og píanótónleikar í Vínstofu Friðheima

Fiðluleikarinn Páll Palomares og píanistinn Jón Bjarnason verða með notalega kvöldstund með fallegum tónum þegar þeir stilla saman strengi sína og sýna sínar bestu hliðar á fiðlu- og píanótónleikum í Vínstofu Friðheima 22. mars kl. 20:00.

Nauðsynlegt er að bóka miða og borð fyrirfram og þá tilvalið að nýta tækiferið og fá sér léttu máltíð og drykki fyrir tónleikana. Takmarkað sæta-pláss í boði svo mikilvægt er að tryggja sér miða snemma. Bók-anir eru í gegnum fridheimar@fridheimar.is.

Páll, sem leikur á fiðlu smíðaða af Nicolas Gagliano ca. 1761, er einn af fremstu fiðluleikurum landsins og gegnir stöðu leiðara annarrar fiðlu í Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann hefur hlotið margvísleg verðlaun á ferlinum.

Jón Bjarnason, dómorganisti í Skálholti, hefur komið víð fram sem píanóleikari með kórum og einsöngvurum. Hann hefur verið áberandi í tónlistarlífi á Suðurlandi og hlaut meðal annars menningarverðlaun Suðurlands árið 2021 fyrir að hafa haft fumkvæði og staðið fyrir ýmsum menningartengdum viðburðum í Skálholti og upp-sveitum Árnassýslu.



Jón Bjarnason. Mynd: Aðsend.



Páll Palomares. Mynd: Aðsend.



BLÁSKÓGABYGGÐ



Bláskógaskóli Laugarvatni

Virðing • Vinátta • Gleði

Laus störf í Bláskógaskóla á Laugarvatni

Bláskógaskóli á Laugarvatni er samþættur leik- og grunnskóli ásamt fristundarstarfi. Nemendur eru á aldrinum 1 árs upp í 10. bekk og þar af eru 27 börn í leikskóladeild og 53 í grunnskóladeild. Skólinn er Grænfána skóli og leggur áherslu á fjölbreytta kennsluhætti, fagleg vinnubrögð, einstaklingsmiðað nám, útikennslu og heilsueflingu. Leikskóladeild vinnur út frá kenninum um „Flæði“ og uppeldisstefna skólans er „Uppeldi til ábyrgðar“.

Kennari í 100% stöðu: Kennarar í leikskóladeild starfa eftir starfslýsingu leikskólakennara.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf til kennslu í leikskóla.
- Góð færni í samskiptum.
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður.
- Vilji til þátttöku í samstarfi og teymiskennslu.
- Áhugi á útinámi og að þróa sig í starfi.
- Góð íslenskukunnátta
- Jákvæðni og sveigjanleiki.
- Vilji til að gera góðan skóla betri.



Fáist ekki kennari er möguleiki að ráða leiðbeinanda tímabundið. Æskilegt að geta hafið störf sem fyrst.

Starfsmaður í sumarfrístund í 100 % stöðu: Starfsmaður vinnur eftir starfslýsingu um yfirumsjón með lengdri viðveru.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Góð færni í samskiptum.
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður.
- Vilji til þátttöku í samstarfi og teymiskennslu.
- Áhugi á útinámi og að þróa sig í starfi.
- Góð íslenskukunnátta
- Jákvæðni og sveigjanleiki.
- Vilji til að gera góðan skóla betri.



Umsækjendur þurfa að sýna fram á hreint sakavottorð. Störfin henta einstaklingum óháð kyni.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Umsókn skal fylgja kynningarbréf, yfirlit yfir nám og fyrri störf og leyfisbréf fyrir starfsheitið kennari.

Nánari upplýsingar gefur Íris Anna Steinarrsdóttir skólastjóri í síma 480-3030. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist til skólastjóra á netfangið irisanna@blaskogaskoli.is. Umsóknarfrestur er til 8. apríl 2024.



BETA gefur út sitt fyrsta lag

Söngkonan Elísabet Björgsvinsdóttir, eða BETA, hefur gefið út sitt fyrsta lag. Margir muna eftir Elísabetu úr Idolkeppninni á Stöð 2. Einnig sigraði hún söngkeppni NFSu í nóvember 2022.

Lagið tók hún í áheymarprufunni sinni í Idol en nú hefur hún þýtt lagið á íslensku. Lagið heitir Ókunnug lönd og er einkar fallegt lag þar sem hún heðrar minningu afa síns. BRV

Skannaðu kóðann inni á Spotify til að hluta á lagið!



Hveragerðisbær og Hamar semja til þriggja ára

Nýr samstarfssamningur milli Hveragerðisbæjar og Íþróttafélagsins Hamars var undirritaður í 12. mars sl. á aðalfundi Hamars.

Megininntak samningsins er tvíþætt og felst annars vegar í rekstrarstyrk til Hamars næstu þrjú árin eða til ársloka 2026 og hins vegar hefur Hveragerðisbær orðið við þeirri ósk Hamars að styðja við launagreiðslur vegna ráðningar framkvæmdastjóra félagsins næstu þrjú árin.

Á gildistíma samningsins mun framkvæmdastjóri félagsins meðal annars vinna að því að Hamar nái viðurkenningunni Fyrirmyndarfélag ÍSÍ, auk þess að halda utan um fjármál og rekstur félagsins.

Rekstrarstyrkurinn er til stuðnings við barna- og ungmenntastarf, starfsemi meistara-flokka og íþróttasvæði. Einnig er hann hugsaður sem fjárveiting í ferðasjóð og í tækja- og áhaldasjóð. Á árinu 2024 er beinn fjárstyrkur til félagsins því 24,5 m.kr. Árið 2025 verður hann 28,5 m.kr. og loks verður hann 29,5 m.kr. árið 2026. Samtals nemur því beinum fjárstyrkjum til Hamars 82,5 m.kr. á samningstímanum.

Auk hinna beinu framlaga hefur Hamar til afnota íþróttahúsið við Skólamörk eftir að íþróttakennslu grunnskólans lýkur, Sundlaugina í Laugaskarði og íþróttavelli bæjarins, Hamars- og Grýlsvöll.



Geir Sveinsson bæjarstjóri og Þorsteinn Ragnarsson formaður Hamars undirrita hér samninginn milli Hveragerðisbæjar og Íþróttafélagsins Hamars til þriggja ára. Mynd: Hveragerðisbær.

Hveragerðisbær greiðir einnig fyrir aðstöðu til íþróttaiðkunar á Selfossi, í Ölfusi og í Reykjavík samkvæmt samkomulagi hverju sinni, meðan aðstaðan er takmörkuð í Hveragerði.

Þá má nefna rútuferðir sem Hveragerðisbær sér iðkendum Hamars fyrir til æfinga í Þorlákshöfn, á Selfossi og í Reykjadal. Og bærinn sér líka um að allir iðkendur félagsins séu slysatryggðir við skipulagðar æfingar og keppni á vegum félagsins upp að átján ára aldri.

Hveragerðisbær leggur einnig til vinnuframlag frá Vinnuskóla bæjarins vegna íþróttanámsskeiða og íþróttavalla.

Íþróttafélagið Hamar vinnur öflugt starf í íþróttum, tóm-

stundum og forvörnum auk þess að hafa jákvæð samfélagsleg áhrif og þjappa íbúum saman. Það er Hveragerðisbær og samfélaginu öllu mikilvægt að félagið geti rækt hlutverk sitt sem best og því leggur bærinn til fjármuni og aðstöðu eftir því sem kostur er hverju sinni.

Það verður áhugavert að fylgjast með framvindunni hjá Hamri næstu þrjú árin og það er mikið tilhlökkunarefni að sjá Íþróttafélagið Hamar á lista yfir Fyrirmyndarfélög ÍSÍ að samningstíma loknum.

Geir Sveinsson bæjarstjóri Hveragerðisbæjar og Þorsteinn Ragnarsson formaður Hamars undirrituðu samninginn á aðalfundi Hamars.

Rangárþing ytra lýsir vilja til að endurskoða gjaldskrárhækkanir

Hinn 13. mars 2024 tók sveitarstjórn Rangárþings ytra fyrir áskorun Sambands Íslenskra sveitarfélaga og tillögur ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninga sem undirritaðir voru á dögnum. Sveitarstjórnin fagnar því að náðst hafi samningar á almennum markaði og að búið sé að leggja línurnar fyrir komandi kjarasamninga á opinberum markaði.

Tillögurnar gera meðal annars ráð fyrir gjaldfrjálsum máltíðum í grunnskólum og að börn fái leikskólavistun frá og með 12 mánaða aldri.

Rangárþing ytra hefur nokkurra ára skeið boðið upp á gjaldfrjálslar skólamáltíðir í grunnskólum sveitarfélagsins auk þess sem börn fá leikskólavistun frá 12 mánaða aldri að því gefnu að öll stöðugildi séu mönnum. Einnig býður sveitarfélagið foreldrum barna frá 12–24 mánaða upp á



Mynd: Rangárþing ytra.

að sækja um mánaðarlegar heimgreiðslur til að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla séu börnin ekki á leikskóla á sama tímabili.

Sveitarstjórnin lýsir einnig vilja sínum til að endurskoða gjaldskrárhækkanir 2024 til að koma til móts við forsendur nýrra kjarasamninga.

Rangárþing ytra

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 956 0673, helga@dfs.is.

Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

Á henni standa hús ég sá,
hana leggur trillukall.
Stofuklukkum áður á,
einn í plús er sjávarfall.

Svar við gátu í blaði 2743: **GJÖRÐ**
1. Gjörð áreiðhjólí - 2. Tunnugjörð
3. (G)jörð - 4. Hnakk- eða söðulgjörð



Sunnlenski matgæðingurinn



Friðborg Hauksdóttir er sunnlenski matgæðingur vikunnar að þessu sinni.

Takk fyrir áskorunina sonur sæll.

Þessi ofur einfaldi kjúklingaréttur slær í gegn í hvert skipti og hefur hann verið oft í kvöldmatinn á mínu heimili í mörg, mörg ár og klikkar bara ekki.

Kjúklingaréttur í piparostasósu:

4-5 kjúklingabringur
500 ml rjómi
1 stk. piparostur
5 stk. hvítlausrif
1 krukka rautt pestó
Tabasco-sósa
Soya-sósa

Byrjað er að steikja bringurnar á pönnu á hvorri hlið og settar í eldfast mót. Því næst er hvítlaukurinn léttsteiktur upp úr smjöri og svo bætt rjóma og piparostinum út á pönnuna og



leyft ostinum að bráðna. Þegar osturinn byrjar að bráðna er bætt við pestóinu, Tabasco- og soyasósu eftir smekk. Þegar svo osturinn hefur bráðnað og allt blandast vel á pönnunni er sósunni helt yfir kjúklingabringurnar í eldfasta mótinu og sett inn í ofn í hálf tíma á 180° eða þar til bringurnar eru fulleldaðar.

Gott er að hafa hvítlausrbrauð, hrísgrjón og salat með.

Ég ætla að skora á listakokkinn Jennýju Kjartansdóttur til að deila matreiðslu hæfileikum sínum með öllu suðvesturkjördæmi.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



TÓNLISTARSKÓLI ÁRNESINGA

FRAMHALDSPRÓFS-TÓNLEIKAR

Helga Höeg Sigurðardóttir lýkur framhaldsprófi í píanóleik frá Tónlistarskóla Árnésinga með opinberum tónleikum í sal tónlistarskólans Eyravegi 9 á Selfossi, 22. mars kl. 17:15.

Við hvetjum Sunnlendinga til að nýta sér þetta góða tækifæri til að hlýða á glæsilega tónleika, enda liggur mikil vinna að baki þegar kemur að útskrift frá skólanum.

Meðleikur á fiðlu: Eyrún Huld Ingvarsdóttir. Á dagskrá eru verk eftir Bach, Beethoven, Bartók, Rachmaninoff, Dvorák og Brahms. Kennari Helgu er Miklós Dalmay.

Aðgangur að tónleikum er ókeypis - verið öll hjartanlega velkomin!





Við stækkum fermingargjöfina

Fermingarbörn og jafnaldrar fá allt að **32.000 króna** mótframlag og glaðning ef þau spara hjá okkur.

Við erum betri saman



Úrval af fermingagjöfum og handgerðum kortum og gjafakortum. Veldu vörur og við útbúum gjafakörfu fyrir þig.

Austurvegur 44, Selfoss
Sími: 7754132
Opíð: Mán - Föst 11 - 18.30
Laug 11 - 17



South Central leitar að öflugum einstaklingum í vinnu frá byrjun maí

Helstu verkefni eru:

Herbergjaprif
Þvottahúsvinna
Önnur tilfallandi verkefni

Viðkomandi þarf að hafa bílpróf og jákvætt viðhorf.

Áhugasamir hafi samband við Ragnhildi í síma 823 3999

Til sölu/leigu, Háheiði 15 Selfossi



Nýtt iðnaðar- og þjónustuhúsnæði sem skiptist í 13 einingar. Hvert bil er 112,5 m². Engar súlur í milliveggjum og auðvelt að sameina bil. Húsið er tilbúið til afhendingar.

Upplýsingar um húsnæðið gefur Jón í síma 896-3626, jon@afvelar.is.

Upplýsingar einnig á: mbl.is/fasteignir



Dagur evrópskra höfunda

Í tilefni af Degi evrópskra rit höfunda, 25. mars, stendur EWC – European Writers' Council – fyrir upplestrum um álfuna alla. Í Árborg er það Guðmundur Brynjólfsson sem kemur fram á Bókasafninu á Selfossi kl. 14.00.

Guðmundur mun lesa mismunandi texta eftir sjálfan sig og segja frá því hvernig hann notar ólfrakar aðferðir eftir því við hvað hann er að fást, ljóð, leikrit, og svo ótal mismunandi leiðir í skáldsöguskrifum. Í framhaldi af því mun Guðmundur ræða við viðstadda og kalla eftir spurningum sem snúa að því hvernig er best að bera sig að langi fólk til að skrifa en eins og hann segir þá er best að

„fylgja innsæinu og láta vaða og gera sér grein fyrir því að það er ekkert vitlaust, ekkert rangt í því ferli“.

Guðmundur Brynjólfsson hefur sent frá sér fjölda bóka sem hafa notið mikilla vinsælda, ekki síst glæpasögur hans og hann er að auki afkastamikill

pistlahöfundur. Guðmundur er djákni og innilega trúaður en er að eigin sögn jafnframt heltekinn af myrkum hliðum mannlífsins og óhræddur við að stuða fólk, hvort sem er í bókum sínum eða hárbeyttum pistlum.

Að sjálfsögðu eru öll velkomin með húsrúm leyfir.



Íkveikja í Hafnartúni og nokkur ungmenni með stöðu sakborninga

Laugardagskvöldið 9. mars sl. fékk lögregla, ásamt öðrum viðbragðsaðilum tilkynningu um eld í Hafnartúni er stendur við Sigtúnsgarð á Selfossi. Slökkvistarf tók nokkurn tíma þar sem eldsmatur var mikill.

Lögreglan á Suðurlandi hefur farið með rannsókn á eldsupp-tökum og notið við það aðstoðar tæknideildar lögreglunnar á Höfuðborgarsvæðinu og bruna-

sérfræðings frá Húsnæðis- og Mannvirkjastofnun. Rannsóknin hefur leitt í ljós að um íkveikju var að ræða og hefur töluverður fjöldi skýrslna verið tekin af fólki vegna málsins. Rannsókn lögreglunnar hefur miðað vel og hefur lögregla góða mynd af atburðum. Nokkur ungmenni hafa stöðu sakborninga í málinu og rannsóknin unnin í samráði við barnaverndaryfirvöld.



HEFUR ÞÚ BRENNANDI ÁHUGA Á ÍPRÓTTASTARFI Á LANDSVÍSU?

Nýr samstarfsvettvangur íþróttahéraða leitar að **sextán einstaklingum fyrir átta starfsstöðvar** vettvangsins.

Íþrótt- og ólympíusamband Íslands og Ungmennafélag Íslands með stuðningi frá mennta- og barnamálaráðuneytinu vinna að eflingu íþróttastarfs með stofnun svæðastöðva vítt og breitt um landið. Þeim er ætlað að styðja við íþróttahéruð landsins við innleiðingu á stefnu íþróttahreyfingarinnar og ríkisins í íþróttamálum.

Verkefnin eru fjölbreytt og þú munt taka þátt í að þróa árangursríkt íþróttahverfi til að hámarka tækifæri barna og ungmenna til íþróttaiðkunar. Starfsemi svæðastöðvanna byggir á teymishugsun þar sem samvinna, fagmennska og framsækni í sterkri liðsheild er grundvallaratriði.

Allar nánari upplýsingar um verkefnið, markmið svæðastöðvanna og hæfniskröfur er að finna á vefjum ÍSÍ, UMFÍ og Hagvangs. Umsóknarfrestur er til 2. apríl.

umfi.is
isi.is
hagvangur.is



Yfirsjúkraþjálfari á Heilsustofnun í Hveragerði

Staða yfirsjúkraþjálfara er laus til umsóknar. Heilsustofnun er ein stærsta endurhæfingarstofnun landsins og veitir árlega 1350 einstaklingum endurhæfingarþjónustu skv. samningi við Sjúkratryggingar Íslands.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Fagleg ábyrgð á sjúkraþjálfun
- Daglegur rekstur deildar
- Almenn sjúkraþjálfun
- Fræðsla til dvalargesta
- Þátttaka í þverfaglegu teymisstarfi

Menntunar og hæfniskröfur:

- Íslenskt starfsleyfi
- Faglegur metnaður
- Góð færni í íslensku
- Reynsla af stjórnun er kostur
- Framúrskarandi samskiptahæfni

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 15. júní nk.

Umsóknarfrestur er til 21. apríl.

Möguleiki er á húsnæði á staðnum og einnig er starfsmannarúta til og frá Olís við Rauðavatn í Reykjavík.

Umsóknir með ferilskrá sendist til mannauðsstjóra, aldis@heilsustofnun.is

Nánari upplýsingar veitir Aldís Eyjólfsdóttir mannauðsstjóri, aldis@heilsustofnun.is

Sumarafleysingarstörf

Heilsustofnun óskar einnig eftir að ráða sumarafleysingafólk í eftirtaldar stöður:

- Eldhús, vaktavinna
- Hjúkrunarfræðingar, vaktavinna
- Sjúkraliðar, vaktavinna
- Sjúkranuddari/heilsunuddari
- Sjúkraþjálfun
- Sundlaugarvarsla, hlutastarf á kvöld- og helgarvöktum (lágmarksaldur 18 ár)
- Vaktmaður, vaktavinna

Hæfniskröfur:

- Heilbrigðisfagfólk þarf að hafa íslenskt starfsleyfi
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði
- Góð þjónustulund og færni í samskiptum

Nánari upplýsingar veitir Aldís Eyjólfsdóttir mannauðsstjóri í síma 483 0300 eða aldis@heilsustofnun.is



Heilsustofnun
Náttúrulækningafélags Íslands

Berum ábyrgð á eigin heilsu

Vertu í betra sambandi hjá Símanum

Þjónustuaðilar okkar taka vel á móti þér. Sjáumst í Tölvulistanum!



Íþróttir

Sendist á dfs@dfs.is

Góð mæting á Héraðsþing HSK í Árnosi



Heiðrún Anna Hlynisdóttir úr Golfklúbbi Selfoss og Sigurjón Ægir Ólafsson úr Íþróttafélaginu Suðra voru valin íþróttakarlar og íþróttakona HSK 2023.

Góð mæting var á 102. héraðsþing HSK sem haldið var í Félagsheimilinu Árnosi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi fimmtudagin 14. mars. Þingið hófst stundvíslega kl. 17.00 og þingslit voru kl. 20:20. Þetta var í þriðja sinn sem héraðsþingið er haldið í Árnosi, en þing sambandsins voru haldin þar árin 1972 og 1984.

Eitt nýtt félag hafði sótt um aðild að sambandinu frá síðasta þingi, en það var Judofélag Suðurlands sem stofnað var 5. mars 2023. Þingið samþykkti umsókn félagsins og nú eru aðildarfélög sambandsins 54 talsins.

Val á íþróttakarli HSK og íþróttakonu HSK 2023 var kunngjört á þinginu. Það voru þau Sigurjón Ægir Ólafsson úr Íþróttafélaginu Suðra og Heiðrún Anna Hlynisdóttir úr Golfklúbbi Selfoss sem hlutu titlana að þessu sinni.

HSK veitti nokkur sérverðlaun á þinginu. Skeiðamaðurinn Ingvar Garðarsson var valinn öðlingur ársins hjá HSK. Körfuknattleiksdeild Umf. Þórs hlaut foreldrarstarfsbikar HSK, Hestamannafélagið Jökull hlaut unglingsbikar HSK og Umf. Selfoss

var stigahæsta félagið í heildarstigakeppni HSK, þar sem árangur í öllum HSK mótum sambandsins telur.

HSK, ÍSÍ og UMFÍ heiðuðu nokkra einstaklinga á héraðsþinginu fyrir þeirra sjálfbodaldísstörf fyrir hreyfinguna. Guðmunda Ólafsdóttir úr Umf. Þjótanda og formaður Frjálsíþróttaráðs HSK hlaut silfurmerki HSK.

ÍSÍ veitti eitt gullmerki og þrjú silfurmerki. Lárus Ingi Friðfinns Bjarnason úr Hamri og stjórnarmaður í HSK var sæmdur

gullmerki ÍSÍ og silfurmerki ÍSÍ hlutu Gissur Jónsson frá Umf. Selfoss og hjónin Þórdís Bjarnadóttir úr Íþr.f. Suðra og Ófeigur Ágúst Leifsson frá Íþr.f. Suðra og Umf. Selfoss.

UMFÍ veitti þrjú Starfmerki UMFÍ og þau sem fengu merkið voru þau Gestur Einarsson Umf. Gnúpverja, Helga Kolbeinsdóttir Umf. Gnúpverja og Ingvar Garðarsson Umf. Skeiðamanna.

Ein breyting varð á stjórn HSK. Olga Bjarnadóttir sem hefur átt sæti í varastjórn HSK frá árinu 2016 gaf ekki kost á sér til endurkjörs, en hún var á síðasta ári endurkjörin í stjórn ÍSÍ og tók þá við embætti 2. varaforseta ÍSÍ. Guðrún Ása Kristleifsdóttir úr Umf. Hvöt var kosin ný í varastjórn. Stjórn HSK 2024 skipa þau Guðrífur Aadnegard formaður, Guðmundur Jónsson gjaldkeri, Anný Ingimarsdóttir ritari, Helgi S. Haraldsson varaformaður og Jón Þröstur Jóhannesson meðstjórmandi. Varastjórn skipa Gestur Einarsson, Guðrún Ása Kristleifsdóttir og Lárus Ingi Friðfinns Bjarnason.

Vegleg myndskreytt árskýrsla HSK kom út á héraðsþinginu og hana má sjá á heimasíðu HSK, www.hsk.is. HSK



Varaforseti ÍSÍ og þau sem ÍSÍ heiðraði á þinginu. F.v. Lárus Ingi, Ófeigur, Þórdís, Gissur og Þórey Edda. Mynd: HSK.



Formaður framkvæmdastjórnar UMFÍ og þau sem UMFÍ heiðraði á þinginu. F.v. Gestur, Ingvar, Ragnheiður og Helga. Mynd: HSK.



Guðmunda Ólafsdóttir var sæmd silfurmerki HSK og með henni á myndinni er Guðrífur Aadnegard formaður HSK. Mynd: HSK.



Ljósritunarpappír



2500
A4 blöð í
kassa

Hágæða Svansvottaður 80 gr. ljósritunarpappír úr sænskum nytjaskógum.

Verð per kassa er 6.198 kr. með vsk.
Veittur er góður magnafsláttur - Fáðu tilboð!

Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu, Selfossi og Akureyri ef pantaðir eru 10 kassar eða meira

Sími 482 1944 - selfoss@prentmetoddi.is

Helga Fjóra og Bryndís Embla bikarmeistarar

Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri fór fram í Kaplakrika þann 17. mars. HSK sendi bæði A og B lið kvennalið til keppninnar og A karlalið. Lið HSK endaði í 5. sæti heildarstigakeppninnar en það var lið ÍR sem sigraði bikarkeppnina. A Kvennalið HSK endaði í 2. sæti en B liðið í 9. sæti. A karlaliðið lenti í 8. sæti.

Helga Fjóra Erlendsdóttir varð tvöfaldur bikarmeistari. Hún sigraði í 60 m grindahlaupi á tímanum 9,35 sek. og hún stökk hæst allra í hástökki þegar hún vippaði sér yfir 1.61 m

Bryndís Embla Einarsdóttir varð bikarmeistari í kúluvarpi er hún varpaði kúlunni 11,13 m.

Anna Metta Óskarsdóttir fékk tvenn silfurverðlaun. Í 60 m hlaupi bætti hún sinn besta árangur þegar hún kom í mark á tímanum 8,39 sek. og í langstökki stökk hún 4,74 m.

Bryndís Halla Ólafsdóttir hljóp 1500 m á tímanum 5:36,86 mín. og vann til silfur-

verðlauna og boðhlaupssveit HSK/Selfoss vann til bronsverðlauna í 4x200 m boðhlaupi er þær hlupu á tímanum 1:54,15 mín. Sveitina skipuðu þær Anna Metta Ólafsdóttir, Helga Fjóra Erlendsdóttir, Arndís Eva Vigfúsdóttir og Adda Sóley Sæland

Fjölmarginir voru að bæta sinn besta árangur og stóðu sig mjög vel þrátt fyrir að ná ekki á verðlaunapallinn. Magnús Tryggvi Birgisson bætti sinn besta árangur í 60m hlaupi er hann kom í mark á tímanum 8,91 sek. Hróbjartur Vigfússon bætti sinn besta árangur í 300m hlaupi er hann hljóp á tímanum 59,37 sek. Eðvar Eggert Heiðarsson hljóp 60 m grind á tímanum 11,77 sek. og bætti sinn besta árangur. Kári Sigurbjörn Tómasson bætti sinn besta árangur í hástökki um 9 cm er hann vippaði sér yfir 1,40 m og Björgvin Guðni Sigurðsson bætti sinn besta árangur í kúluvarpi er hann varpaði kúlunni 9,96 m. HSK



50 ára afmælistíð HSK í blaki karla



Frá leik Laugdæla og Hamars. Mynd: HSK.

Þrjú lið tóku þátt í héraðsmóti karla í blaki í vetur og úrslit réðust í seinni hluta mótsins sem fram fór í Hveragerði 5. mars sl. Í ár eru 50 ár síðan að fyrsta HSK-mótið í blaki karla var haldið, en það fór fram á Laugarvatni 28. apríl 1974. Fimm lið

tóku þátt í fyrsta mótinu og voru þau frá Umf. Laugdæla, Umf. Biskupstungna, Umf. Samhygd, Umf. Selfoss og Umf. Ingólfí.

Kjartan Lárusson í Austurey var í sigurliði Laugdæla á fyrsta mótinu, þá 19 ára gamall. Hann var mættur í Hveragerði

með sínum mönnum á 50 ára afmælistíð og kom m.a. inná úrslitaleiknum við Hamar. Sýnt var beint frá mótinu á Facebook-síðu blakdeildar Hamars.

Hamar vann átta lotur á mótinu í vetur og tryggði sér HSK meistaratitilinn þriðja árið í röð og þann áttunda frá upphafi. Laugdælir urðu í öðru sæti með fimm unnar lotur og Hrunamenn í þriðja með þrjár unnar lotur.

Þess má geta að Hrunamenn hafa unnið mótið oftast á þessum 50 árum, en þeir eru samtals með 21 titil, Samhygd hefur unnið 12 sinnum, Laugdælir sjö sinnum og Mímir einu sinni.

Góður árangur hjá ungu liði HSK/Selfoss

Bíkarkeppni FRÍ í flokki fullorðinna fór fram í Kaplakrika 17. mars. HSK sendi ungt lið til keppni sem stóð sig með stakri þryði og endaði í 5. sæti í stigakeppninni en það var lið FH sem sigraði keppnina örugglega. Karlaliðið endaði í 4. sæti og kvennaliðið í 6. sæti.

Hjálmar Vilhelm Rúnarsson náði frábærum árangri þegar hann vann til silfurverðlauna í þrístökki með 13,82 m stökk, eingöngu 5 cm frá sigri og stórbætti sinn fyrri árangur. Árangurinn er nýtt HSK met í flokki 16-17 ára en fyrra metið sem var 13,60 m var 39 ára gamalt í eigu Jóns Arnars Magnússonar frænda Hjálmars Vilhelms. Árangurinn hjá Hjálmar Vilhelm er eingöngu 28 cm frá lágmarki á Evrópumeistaramót - U18. Lágmarkur á EM-U18 þarf að ná fyrir 7. júlí 2024.

Örn Davíðsson kastaði kúlnu 14,53 m og fékk silfurverðlaun að launum og Ísold Assa Guðmundsdóttir stökk yfir 2,60 m og vann til bronsverðlauna. Boðhlaupsveit karla náði silfurverðlaunum í 4x200 m hlaupi á stórgóðum tíma 1:37,06 m. Sveitina skipuðu þeir Olgeir Otri Engilbertsson, Vésteinn Loftsson, Ívar Ylur Birkisson og Hjálmar Vilhelm Rúnarsson. Aðrir keppendur stóðu sig stórvell og skiluðu dýrmætum stigum í stigakeppni liðanna.

HSK

Óskum eftir starfskrafti!

Starfð felur m.a. í sér að vinna á dráttarvélum, gröfum og lyftara. Reynsla æskileg en ekki skilyrði. Fjölbreytt verkefni framundan.

Stráehf
Véruvtakar
866 6766

stra@strahf.is

**FJÁRÖFLUN
3. - 4.FLOKKUR
SELF OSS FÓTBOLTI**

Þáskaboltinn stútfullur af girnilegu súkkulaði og nammi - m.a. þristur, kúlusúkk og fleira!

4.500 kr (900 gr)

Frí Heimsending ef pöntun er send með sms 8203887
Greitt við afhendingu.
Einnig til Sölu Hjá Almar Bakara

**TAKK FYRIR
STUÐNINGINN**

KEYRSLA.IS
ISLENSKA GAMAFLAGIÐ
STUDIO SPORT
TOOLS.IS
Gluggasalan
krisp
ALMAR BAKARI

Afsláttarmiði að andvirði **20%** hjá Krisp og **15%** hjá Almar bakara fylgir með á kassa.



Vinningshafar kvöldsins ásamt formanni Sleipnis. Mynd: Aðsend.

Uppskeruhátíð Hestamannafélagsins Sleipnis

Laugardaginn 16. mars var haldin uppskeruhátíð hestamannafélagsins Sleipnis á Þingborg. Þar hittust félags-

menn Sleipnis og heiðruðu félagsmenn sem áttu framúrskarandi árangur á árinu 2023.

Eftirtalin verðlaun voru veitt:

Besti árangur í 100 m skeiði: Sigursteinn Sumarliðason á Krókus frá Dalbæ

Besti árangur í 150 m skeiði: Ívar Örn Guðjónsson og Buska frá Sauðárkróki

Besti árangur í 250 m skeiði: Árni Sigfús Birgisson og Dimma frá Skíðbakka I

Æskulýðsverðlaun: Svandís Atkien Sævarsdóttir

Knapi ársins í flokki áhugamanna: Soffía Sveinsdóttir

Gæðingaknapi ársins: Sigursteinn Sumarliðason á Liðsauka frá Áskoti

Íþróttaknapi ársins: Glódís Rún Sigurðardóttir

Klárhestaskjöldurinn fyrir efsta hest í B-flokki gæðinga: Bjarnfinnur frá Áskoti, eigandi Jakob Þórarinnsson

Sleipnisskjöldurinn fyrir efsta hest í A-flokki gæðinga: Kolbeinn frá Hrafnsholti, eigendur Jónas Már Hreggviðsson og Elísabet Gísladóttir.

Ræktendur ársins: Árni Sigfús Birgisson og Davíð Sigmarsson fyrir Djáknar frá Selfossi

Tveir félagar heiðrarðir sem félagar ársins: Magnús Benediktsson og Bryndís Arnardóttir

Knapi ársins 2023: Glódís Rún Sigurðardóttir

Hin árlega byssusýning Veiðisafnsins á Stokkseyri

Árleg byssusýning Veiðisafnsins á Stokkseyri sem í ár verður í samvinnu við verslunina HLAÐ - Reykjavík og PRS skotiþróttasamtök Íslands laugardaginn 23. og sunnudaginn 24. mars 2024 frá kl. 11-18 í húsaálfunum Veiðisafnsins, Eyrarbraut 49 Stokkseyri.

Hjálmar í Hlað og félagar sýna úrval skotvopna sem og búnað til skotveiða ásamt sjón-

aukum og aukabúnaði til sýnis og sölu.

Félagsmenn PRS verða á staðnum og sýna keppnisriffla sína og aukabúnað sem notaður er til íþróttaiðkunarinnar og er hér kjörið tækifæri til að tala við þá um græjurnar og og fræðast um íþróttina. PRS stendur fyrir Precision Rifle Series og er mótasería þar sem keppt er með nákvæmisrifflum og skotið

á stálskotmörk á lengri færum. Keppt er bæði með miðkeiktum kaliberum í íslensku PRS mótaseríunni og randkeiktum 22 l. rifflum í PR22 mótaseríunni. Einnig verða til sýnis skotvopn og munir frá Sigurði Ásgeirsyni, Einari frá Þverá, Sveini Einarssyni frv.veiðistjóra, Sigmarí B. Hauksyni og Drífuhaglabyssur frá Jóni Björnssyni heitnum frá Dalvík ásamt úrvali

skotvopna svo sem haglabyssur, riffilar, skammbyssur, herriffilar ásamt ýmsu tengdu skotveiðum frá Veiðisafninu.

Allt áhugafólk um skotvopn og veiðar er velkomid. Aðgangseyrir er 1750 kr. fyrir fullorðna og 850 kr. fyrir börn 6-12 ára.

Nánari upplýsingar má sjá: www.veidisafnid.is www.hlad.is www.prsiceland.is



ÞJÓNUSTA



S. 662 1122

Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.isBókhald - ráðgjöf
skattskilÞjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

Tölvu- og
snjalltækjapjónustaÉg kem á staðinn og geri
við tölvuna eða snjalltækið.Tek að mér verk í
Árnessýslu,
Rangárvallasýslu og
Myrdalshreppi.

Upplýsingar á kynngi.is

FÉLAGSSTÖRF

SKRIFSTOFA
FEBSELOpin fimmtudaginn
21. mars kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 21. mars kl. 14:45.
Jón Þór Birgisson segir frá
ævintýrum á Grænlandi.Fim. 28. mars skírdagur
Opið hús fellur niður

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krosok.
Poniedziałek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrísholti 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundur
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efi
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FUNDIR

Vöflukaffi

Vöflukaffi
haldið þann
23 mars að
Eyravegi 15
milli 11-12,
gestur dags-
ins er Þórarinn Ingi
Pétursson alþingimaður NA
kjördæmis og formaður
atvinnuvega nefndar.
Mínum á spilakvöldin alla
mánudaga frá 19:30. Allir
velkomnir.

KIRKJA

Selfosskirkja

Fermingarmessa á pálmásunn-
dag 24. mars kl. 11:00 og kl.
14:00. Sunnudagaskóli á sama
tíma kl. 11:00 á baðstofuloftinu,
umsjón Sjöfn, Katrín og Dóra.Hvítasunnukirkjan Selfossi
Austurvegi 40BPálmásunnudagur: Samkoma,
sunnudagaskóli og kaffiveitingar
kl. 11:00. English translation
available. Mánudagur: Bæn og
lestur kl. 17. Fimmtudaginn 21.
mars: HeiVá MINI 10-12 ára kl.
14. Föstudaginn 22. mars:
Sameiginleg unglingsamkoma
fyrir 13 ára og eldri kl. 20. Allir
velkomnir. www.selfossgospel.is

Hveragerðiskirkja

Fermingarmessa kl. 11. Sr.
Ninna Sif Svavarsdóttir þjónar.
Kirkjukórinn leiðir söng undir
stjórn Miklós Dalmay organista.

Stóra-Núpskirkja

Ferming á pálmásunnudag 24.
mars kl. 11. Fermd verða fjögur
ungmennir. Kirkjukórinn leiðir
sönginn undir stjórn Þorbjargar
Jóhannsdóttur organista. Sókn-
arprestur.

Þorlákiskirkja

Fermingarmessa kl. 13:30. Kór
Þorlaks- og Hjallakirkju leiðir
almennan söng undir stjórn
Esterar Ólafsdóttur, organista.
Sr. Sigríður Munda Jónsdóttir
þjónar. Verið velkomin.

Skálholtsdómkirkja

Messa kl. 11 á pálmásunnudegi.
Prestsþjónusta sr. Axel Á
Njarövík. Organisti Jón Bjarna-
son. Verið hjartanlega velkomin.

Stóru-Borgarkirkja

Ferming kl. 14. Prestsþjónusta
sr. Axel Á Njarövík. Organisti Jón
Bjarnason. Verið hjartanlega vel-
komin.

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn með-
höndlunYoga Nidra
Djúpslökun, byrjar
3.-5. og 8. apríl
1x í vikuRagnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.isCand.mag. í íþróttfræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsuuddari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

ATVINNA

Atvinna

Á þessi lýsing við þig: Þú hefur
brennandi áhuga og þekkingu á
Íslenskrí matargerð og hand-
verki, og elskar að fræða við-
skiptavini um allt íslenskt á
íslensku og ensku. Þú ert alltaf í
góðu skapi með gott sjálfstraust
og þjónustulund.Þá ert þú manneskjan sem
Made in Ísland Austurvegi 44 á
Selfossi er að leita að.Vinnutími eftir samkomulagi.
Nánari upplýsingar í síma : Alda
775 4132 og Atli 770 6268.ÁRSHÁTÍÐ VIÐ
MENNTASKÓLANN AÐ LAUGARVATNI

SÆLIR SUNNLENDINGAR!

Síðustu dagar við Menntaskólann að Laugarvatni hafa heldur betur verið í óhefðbundnu sniði þar sem haldið var upp á Dagamun og Dollann. Þá fellur allur hefðbundinn skóli niður frá miðvikudegi til föstudags og nemendur fá tækifæri á að fara á ýmis konar námskeið og verklega tíma, svosem zumba, slíngerð, hrútaþukl og margt fleira í boði. Nemar frá HÍ fluttu líka fræðandi fyrirlestur fyrir okkur um kynbundið ofbeldi og svo kom leikarinn hann Jól með annan fyrirlestur og var aðeins á léttari nótonum. Föstudaginn þann 17. mars var svo haldið upp á Dollann, skemmtilegu þrautakeppnina, þar sem nemendur voru settir í lið, skipt upp eftir hljómsveitum, og var það liðið ACDC sem hlaut sigurinn með hæstu stigin. Um kvöldið var svo árhátíð menntaskólans og ball haldið þar sem nemendur og starfsfólk við skólann mættu í allra sínu fínasta þússi með góða skapið. Á árhátíðinni voru ljúffengar þriggja rétta máltíðir bornar fram á borð og var það enginn annar en Vilhem Anton Jónsson sem tók að sér að halda stuði og stemmningu á lofti og vera veislustjóri. Á ballinu var það hljómsveitin Næsland sem sá um taka nokkra takta og skemmta lýðnum sem stóð svo sannarlega undir væntingum.

Nú hefst hefðbundinn skóli á ný í vikunni en það endist ekki lengi því framundar er páskafrí hjá menntaskælingum við Laugarvatn sem hefst í næstu viku.

Ég vona innilega að yður munið njóta komandi tíma og gleðilega páska.

Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir,
ritnefndarformaður, nemendafélagsins Mímír

UMSJÓN: SÆBJÖRG ERLA GUNNARSDÓTTIR OG ÍRIS DRÖFN RAFNSDÓTTIR

Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Pantað ljósmyndaprentun
í öllum algengustu
ljósmyndastærðunum.SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER

Að flytja ljóð á ólíkum tungumálum

Margmála ljóðakvöld fer fram í Listasafni Árnesinga fimmtudaginn 21. mars og hefst dagskráin klukkan 20. Allir eru hjartanlega velkomnir og enginn aðgangseyrir. Kaffi og konfekt í boði Bókabæjanna austanfjalls.

Dagskráin helgast af flutningi ljóða á ólíkum tungumálum og hljómfagurri músík Tónlistarskóla Árnesinga sem býður gestum upp á tónlistaratriði í höndum nemenda Maríu Weiss og mótast af fiðlukvartett með Ásthildi Ragnarsdóttur, Bryndísi Heklu Sigurðardóttur, Guðrínu Birnu Kjartansdóttur og Hugrínu Birnu Hjaltadóttur þar sem þær flytja Rondo eftir Pleyel og Zowie! Goes the Weasel eftir Y. Dobon.

Í ljóðaflutningnum flytur

Jöz



Fermingarfjör í Skálholti

Undanfarna mánudaga hafa fermingarbörn frá Suðurlandi tekið þátt í fermingarfjöri í Skálholti sem er fræðslu- og skemmtidagskrá fyrir börn sem stefna á ferminu í vor.

Pétur Ragnhildarson prestur í Breiðholtsprestakalli stýrir dagskránni sem er bæði fjölbreytt og skemmtileg. Eftir kynningu og morgunhressingu var hópnum skipt upp þar sem nokkrir fóru í hópefli, aðrir í söguskoðun um Skálholtsstað með Kristjáni Björnssyni vígslubiskup og enn aðrir fengu fermingarfræðslu.

Í hádeginu fengu allir pizzu á veitingastaðnum Hvönn en eftir hádegi var farið í ratleik um svæðið þar sem krakkarnir leystu ýmiskonar þrautir, eins og að semja TikTok dans, gefa

Brigdet Ýr McEveoy ljóð á ensku og Sveinn Magnússon les íslenska þýðingu ljóðsins. Agnetha Thomsen flytur ljóð á færeysku. Eduardo Perez Baca og Ivan Fernádes flytja ljóð á spænsku ásamt Alexöndru Huaman frá Perú, Ruyi Zhao flytur ljóð á kínversku, Natalía Drumeva flytur ljóð á búlgörsku og Alina Elena Floristeanu flytur ljóð á rúmensku. Jón Özur Snorrason reynir að svara spurningunni: Hvað er ljóð? Jónína Sigurjónsdóttir frá Bókabæjunum heldur utan um dagskrána.

Boðið verður upp á opin hljóðnema (open mic) í lok dagskrár þar sem óundirbúnum ljóðaflutning verður gerð skil.

Öllum lóðum úthutað við Loðmundartanga

Öllum lóðum við Loðmundartanga á Flúðum var úthlutað á einum og sama fundi sveitarstjórnar Hrunamannahrepps í síðustu viku. Er þar um að ræða 2 raðhús, 6 parhús og 2 einbýlishús, eða samtals 21 íbúð. Einnig var á fundinum úthlutað 2 einbýlishúsalóðum við Túngötu og einni iðnaðarlóð við Iðjuslóð.

Gekk þessi lóðaúthlutun betur en hjartsýnustu menn þorðu að vona og ljóst að uppbygging í hinu nýja hverfi Byggð á Bríkum er að fara mun hraðar af stað en í upphafi var búist við. Að sögn Hrunamannahrepps ber þetta vitni um hjartsýni og skýra framtíðarsýn þeirra aðila sem þarna hyggjast hefja framkvæmdir.



Skólastjóri Laugalandsskóla



Byggðasamlagið Oddi bs óskar eftir að ráða skólastjóra við Laugalandsskóla í Rangárþingi ytra. Leitað er eftir einstaklingi sem hefur áhuga á að leiða öflugt skólasamfélag með einstaklingsmiðað nám, skapandi starf og umhverfismennt að leiðarljósi.

Á starfssvæði byggðasamlagsins búa um 2.300 íbúar en það eru sveitarfélögin Rangárþing ytra og Ásahreppur sem standa að Odda bs. Laugalandsskóli er heildstæður grunnskóli með um 100 nemendur. Einkunnarorð skólans eru: **Samvinna, traust og vellíðan í leik og starfi**. Hafinn er undirbúningur að endurhönnun skólabyggingarinnar og leiksvæða við skólann.

Nánari upplýsingar um skólann má finna á www.laugalandsskoli.is.

Ráðið verður í stöðuna frá 1. ágúst næstkomandi eða fyrr eftir samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Veita faglega forystu og leiða þróun skólastarfs til framtíðar í samræmi við skólastefnu sveitarfélaganna sem standa að byggðasamlaginu Odda bs, aðalnámskrá grunnskóla og lög um grunnskóla. Skólastefnuna má finna á https://www.ry.is/static/files/2023/skolastefna-2021-2023_lokautgafa.pdf
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, starfsþróun og vinnutilhögun.
- Bera ábyrgð á samstarfi við aðila skólasamfélagsins.

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Leyfisbréf sem grunnskólakennari og farsæl kennslureynsla í grunnskóla.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar eða uppeldis- og menntunarfræða og farsæl stjórnunarreynsla.
- Færni og reynsla í starfsmannastjórnun, stefnumótun og áætlanagerð.
- Hæfni í samskiptum og metnaður til árangurs.
- Reynsla í fjármálastjórnun kostur.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Samninganefndar sveitarfélaga (SNS) og Skólastjórafélags Íslands (SÍ). Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri byggðasamlagsins Odda bs.

Umsóknarfrestur er til 2. apríl 2024. Umsóknum skal skila á netfangið jon@ry.is. Með umsókn skal skila starfsferilskrá, nöfnum tveggja eða fleiri umsagnaraðila, stuttri kynningu á umsækjanda og greinargerð þar sem umsækjandi gerir grein fyrir sýni sinni á skólamáli og faglegri reynslu og getu sem nýtist í starfi.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Jón Valgeirsson sveitarstjóri í gegnum netfangið jon@ry.is eða í síma 4887000. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Réttur er áskilinn til að hætta við ráðningu og/eða auglýsa stöðuna að nýju.

Á Laugalandi í Rangárþingi ytra eru auk grunnskólans, leikskóli og íþróttahús auk sundlaugar og útileiksvæða. Þá eru á staðnum nokkrar íbúðir. Nemendur í Laugalandsskóla búa flestir í dreifbýlinu og koma með skólabílum á staðinn. Næsta þéttbýli er á Hellu en þar er margvísleg þjónusta og kraftmikil uppbygging, m.a. hvað varðar fjölbreytt íbúðarhúsnæði. Á svæðinu eru ótal möguleikar til að sinna áhugamálum og útiveru af öllu tagi. Í Rangárþingi er gott mannlíf og þar er tekið vel á móti fólki.



Glódís Rún Sigurðardóttir heiðruð knapi ársins 2023 hjá Hestamannafélaginu Sleipni

Glódís Rún Sigurðardóttir átti magnað ár þar sem hún lét mikið af sér kveða á keppnisvællinum. Hún byrjaði árið af krafti í Meistaradeild Líflands þar sem hún varð í 2. sæti í fimmgangi á Sölk frá Efri-Brú og 6. sæti í tölta á Drumb frá Víðivöllum Fremri, var afkastamikil á Íþróttamóti Sleipnis og Geysi en á Geysismótinu sigraði hún slaktaumatöltað og endaði önnur í fjórgangi hjá Sleipni á Breka frá Austurási. Hún landaði Reykjavíkurmeistararitli í fimmgangi á Sölk frá Efri-Brú og var jafnframt þar í úrslitum í fjórgangi og slaktaumatölti. Varð íslandsmeistari í fimmgangi ungmenna á Sölk frá Efri-Brú.

Toppurinn á árangrífku ári var heimsmeistaratitillinn í fimmgangi ungmenna á Sölk frá Efri-Brú. Í forkeppni hlaut hún 7,40 sem jafnframt varð 2. hæðsta einkunn allra keppenda í fimmgangi á mótinu, hún sigraði úrslitin með glæsibrag og af miklu öryggi með einkunina 7,21.

Glódís byrjar árið 2024 af miklum sprengikrafti í Meistaradeild Líflands sem er ein sterk-



Glódís Rún Sigurðardóttir tekur á móti viðurkenningunni. Mynd: Aðsend.

asta deild sem keppt er í á Íslandi, en þar stendur hún efst stiga í einstaklingskeppninni eftir 4 fyrstu greinarnar.

Hún hefur nú þegar verið

heiðruð Íþróttakona Árborgar og Ölfuss fyrir árangur sinn árið 2023 og erum við virkilega stolt af því að hún hafi hlotið þær viðurkenningar.

Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Sími 482 1944

auglysingar@dfs.is



PÚLSINN

Raf & kælipjónusta

Sími: 760-5670

pulsinn@pulsinn.com

Kæli & Frystikerfi

- Viðgerðir
- Pjónusta
- Nýsmíði
- Rafmagn

Ökukennsla

Kristinn M. Bárðarson
S: 896-5798 / 777-5798

Beinskiptur /
Sjálfskiptur bíll



HSH

þrif og flutningar ehf
Breiðumýri 3 Selfossi
Hefur opnað þvottahús,

Þvottur- og leiga á líni-,
ræstingar, þrif og
flutningarþjónusta
Uppl. í síma 792-1727 eða
hshflutningar@gmail.com



Bílasprautun- / Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem
þagmennirnir vinna



Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

BRAGA AF
VINATTU!

Fæst hjá
BYKO Selfossi

expert
kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápa viðgerðir - Almennar raflagnir

ALHLIÐA
PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

HREINGERINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.

Allar ræstingar
Steinteppahreinsun, teppahreinsun,
bón, gluggahreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Freint um allt Suðurland

Lagnþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 / 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyrn.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolin.is

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS

Lagnamyndun
Rótarhreinsun
Stíflulosun
Lagnafóðrun

Sími 510 1180 - Hellismýri 14 - 800 Selfossi

Sprettur ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Vískaþjóstjóri
GSM: 840 3009

prentmet
heildartausnir í prentun

Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
Eyravegi 25, Selfossi

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980